

Laugardaginn 13. febrúar 2021 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 42/2020

HRFÍ

gegn

X og Y

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 26.10.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu hafi gerst brotlegar við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para maltese tíkina A í sjötta sinn.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 26.10.2020 og gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærðu svöruðu efnislega. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Skv. 6. gr. 5. kafla í reglugerð um ættbókarskráningu skal ták að hámarki eiga 5 got yfir ævina.

IV. Niðurstaða

Kærðu teljast hafa gerst brotlegar við grein 5.6 í reglugerð um ættbókarskráningu HRFÍ.

Kærðu hljóta alvarlega áminningu fyrir ofangreint brot.



f.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir

